

lögum nr. 48, 19. júní 1933, um leiðsögu skipa, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir leiðsögu við Ísland, nr. 537, 31. ágúst 1982.

Samgönguráðuneytið, 17. maí 1983.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.

13. maí 1983

Nr. 340

AUGLÝSING

um umferð í Stykkishólmi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Stykkishólmshrepps eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Stykkishólmi:

- 1) Aðalgata-Hafnargata-Silfurgata skulu hafa aðalbrautarrétt gagnvart hliðargötum með biðskyldu svo sem hér segir:
 - biðskylda á Nesvegi við Aðalgötu,
 - biðskylda á Silfurgötu við Aðalgötu,
 - biðskylda á Borgarbraut við Aðalgötu,
 - biðskylda á Laufásvegi við Aðalgötu,
 - biðskylda á Víkurgötu við Aðalgötu,
 - biðskylda á stíg að Slökkvistöð við Aðalgötu,
 - biðskylda á Austurgötu við Aðalgötu,
 - biðskylda á Litlu bryggju við Hafnargötu,
 - biðskylda á innkeyrslu að Kaupfélagi Stykkishólms við Hafnargötu,
 - biðskylda á Stóru bryggju við Hafnargötu,
 - biðskylda á Skólastíg við Hafnargötu,
 - biðskylda á Reitavegi við Silfurgötu,
 - biðskylda á Skólastíg (Bratta brekka) við Silfurgötu,
 - biðskylda á Lágholti við Silfurgötu,
 - biðskylda á Skólastíg við Silfurgötu og
 - biðskylda á Árnatúni við Silfurgötu.
- 2) Bifreiðastöður skulu vera bannaðar á austanverðri Silfurgötu frá húsi nr. 17 við Silfurgötu að Hafnargötu.
- 3) Merktar gangbrautir skulu vera:
 - a) á Aðalgötu norðan við gatnamót Aðalgötu-Borgarbrautar,
 - b) á Aðalgötu norðan við gatnamót Aðalgötu-Austurgötu og
 - c) á Silfurgötu móts við hús nr. 17 við Silfurgötu

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og koma til framkvæmda þegar í stað. Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Stykkishólmi, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Lögreglustjórinn í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, 13. maí 1983.

Jóhannes Árnason.